

11. mars 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 6. mars 2009, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, 366. mál.

Frumvarpið hefur það að markmiði að styrkja skattfrákvæmd og vinna gegn skattundanskoti. Í því sambandi er *í fyrsta lagi* lagt til að aðilar sem ekki hafa heimilisfesti hér á landi og bera því takmarkaða skattskyldu, sæti hér skattlagningu vegna vaxta sem þeir fá greidda hér á landi. *Í öðru lagi* eru lagðar til breytingar á 3. tölul. 28. gr. laga um tekjuskatt til að taka af öll tvímæli um að eftirgjöf skulda samkvæmt nauðasamningi um greiðsluáðlögun skuli ekki teljast til skattskyldra tekna, sbr. fyrirbyggjandi lagafrumvarp um breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., sem hafa að geyma úrræði fyrir einstaklinga í greiðsluvanda. *Í þriðja lagi* er lagt til að lögfest verði ákvæði um skattlagningu aðila sem eiga beina eða óbeina eignaraðild að félögum, sjóðum eða stofnunum sem eru heimilisföst í lágs kattaríkjum. *Í fjórða lagi* er mælt fyrir um að bæta skil banka og fjármálafyrirtækja á upplýsingum um skuldabréf, afleiðuviðskipti, eignastýringu, milligögnustarfsemi og fleira. *Í fimmta lagi* er lagt til að annars vegar verði kveðið á um skyldu fjármálastofnana sem starfa hér á landi til að veita upplýsingar um viðskipti sem íslenskir skattaðilar hafa við útibú þeirra erlendis eða dótturfélög þar, og hins vegar að þeir sem starfa við skattaráðgjöf og fjármálaþjónustu verði skyldaðir til að halda lista yfir viðskiptavini sína varði þjónustan beina eða óbeina eignaraðild að félagi, sjóði eða stofnun sem skráð er erlendis eða eignir þar.

Í sjötta og síðasta lagi er lagt til að breytingar sem gerðar voru á ákvæði 15. gr. tekjuskattslaga á haustþingi og vörðuðu söluhagnað eigna hjá einstaklingum komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2010 í stað 2009 til að kom í veg fyrir mögulega afturvirkni.

Seðlabankinn gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Öygard
seðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri